

- Fyrstu skrefin út í skóg.....

Gróðursetning

undirbúningur og framkvæmd



•Hvanneyri 12. apríl 2017

Arnlín Óladóttir



Gróðursetning.

Lesa og fara eftir áætlun.

-Vinnuþlagg.

-fara út með kortið og átta sig á reitaskiptingu og aðstæðum.

- Skipuleggja gróðursetningu
 - hvaða reitir, hvernig á að koma plöntum á staðinn, verkaskipting, verklag.
- Hvar á að byrja. Hvaða tegund, bakkastærð.
- Klára reiti sem byrjað er á. Vinna skipulega.

Plöntur eru viðkvæmt ungviði



- Þær eru að koma úr vernduðu umhverfi, þar sem þær stóðu þétt í skjóli og fengu áburð.
- Til að þær lifi af á víðavangi þarf að:
 - Hafa plöntur í góðu ástandi
 - Velja skjólbletti, Ekki samt frostpolla
 - Koma rótum í traust samband við jarðveginn.



Lífrænar leifar

Rotnandi leifar,
rotverur, rætur


Lífræn efni
blandast
bergmylsnu

Berggrunnurinn
veðrast og
molnar

Berggrunnur

•Næringarnám


S
T
O
Ð
R
Æ
T
U
R




- Þjappa plöntunni hæfilega í jarðveginn til að örfín rótarhárin komist strax í samband við jarðveginn.
- Úrslitaatriði að plantan nái þessu sambandi áður en rótarhnausinn þornar.
- Koma pumpunni í gang

Gróðursetning

- Í áætlun kemur fram hve mikið bil skal vera milli plantna
- Algengast 1,8-2m (tvö skref)
- Mismikið bil eftir tegund skógræktar
- Flytja dagsskamt á gróðursetningarstað.
- Gróðursetningar leið , línur – hringir
- Byrja hægt og vanda sig




Látið plöntur í gróðursetningarlínunum skarast eins og sýnt á myndinni.



Gróðursett í hring út frá miðju.

Gróðursetning í óunnið land

- ALDREI planta í beran mel eða moldarflag
- Planta í skjóli við þúfur eða steina
- Varast frostdældir
- Plantan á að fara lóðrétt niður og í botn holunnar
- Ekki of djúpt og ekki of grunnt. Ca. 1 sm niður á plöntuhnaus


















Gróðursetning í unnið land

- Plantað er á í jaðar á jarðvinnslunni til að nýta festuna sem ræturnar gefa og koma í veg fyrir frostlyftingu.
- Neðst er hætt á vatnssöfnun og/eða frostlyftingu
- Reyna að láta haug eða plógstreng skýla plöntu
- Í blautu landi er plantað eins ofarlega og hægt er.




Áburðargjöf


- Áburðargjöf fer fram við gróðursetningu
- Borið er á 15 g plöntu, ca 1 matskeið, þó eftir bakkastærð.
- 2x meira á víði og ösp
- Á rýru landi má áburður fara á yfirborð umhverfis plöntu
- Á grónu landi skal áburður fara í holu, um 10 cm frá plöntu




Áburðareitrun

- Áburður í holu má alls **EKKI** setja nær plöntu en 5 cm.
- Yfirborðs áburðargjöf á að dreifst umhverfis plöntu, ekki setja í haug
- Áburður – Áburðarsölt
- Sé áburður settur undir eða of nálægt plöntu er næsta vísit að hún drepst





Sterkari lausn inni
í frumunni →
vatn streymir inn í
frumuna þar til
jafnvægi er náð.



Sterkari lausn fyrir
utan frumuna →
vatn streymir út í
umhverfið þar til
jafnvægi er náð
(áburðareitrun)



Skráning framkvæmda

- Uppgjör vegna framkvæmda fer fram þegar búið er að skila inn skráningarblöðum vegna framkvæmda og ráðgjafi hefur farið yfir framkvæmdir.
- Vinnulisti fyrir útplöntun og akstur.
- Reikningar vegna jarðvinnslu.
- Passa upp á reikninga vegna áburðar-, fræ- og verkfærakaupa fyrir skattinn.